

2007-2008

Tæknideild

Skrífað 14 maí 2011

Skýrsla tæknideildar 2007-2008

Helstu tíðindi á skólaárinu voru þau að á haustdögum var ráðist í umtalsverða endurnýjun á tölvum fyrir nemendur og kennara. Keyptar voru 10 nýjar ThinkCentre borðtölvur og 5 ThinkPad fartölvur frá Nýherja. Þar með lauk sögu Compaq vélanna sem þjónað höfðu dyggilega í allt að 8 ár og varla hægt að segja að þær hafi nokkurn tíma bilað. Nýju vélarnar hafa reynt mjög vel í vetur og eru afar þægilegar í umgengni.

Síðan gerðist það að Sparisjóður Suður-Þingeyinga gaf skólanum 4 Dell borðtölvur sem losnuðu vegna endurnýjunar. Þetta teljast ekki gamlar vélar á mælikvarða skólakerfisins, voru mjög öflugar á sínum tíma og því kærkomin viðbót fyrir skólann eftir lítilsháttar lagfæringar.

Eins og áður er öll vandasamari þjónusta við kerfið veitt frá Akureyri af sömu mönnum og verið hefur um árábil en þeir starfa nú undir merkjum EJS. Þjónustuheimsóknir eru að jafnaði að hausti og einnig um áramót ef þurfa þykir, en nánast öll mál hefur verið hægt að leysa gegn um síma eða í fjarvinnslu.

Við endurnýjun fartölvanna losnuðu gamlar ThinkPad vélar sem vissulega eru börn síns tíma en óbilaðar og verða eftir lagfæringar nýttar í vinnustofum eftir þörfum.

Nú eru í rekstri 21 borðtölva, 16 fartölvur, netþjónn með Windows Server 2003 netstýrikerfi og 8 prentarar. Allar tölvurnar eru nú með Windows XP Pro stýrikerfi og allur hugbúnaður uppfærður reglulega.

Engin sérstök vandamál komu upp varðandi rekstur kerfisins sjálfs, þjónninn mjög stöðugur, vírusvandamál engin. Ekki voru heldur sérstök vandamál vegna tölva nemenda. Helstu óþægindi í kerfinu tengjast netsambandi innan stofnunarinnar, tenglar skemmast og oft þarf að endurræsa og lagfæra þráðlausa senda sem orðnir eru nokkuð margir. Samband við FS-netið hefur verið þokkalegt og sjaldan rofnað. Rafmagnstruflanir hafa valdið óþægindum en ekki tjóni.

Ekki urðu breytingar varðandi skjávarpa eða ljósritun.

Konráð Erlendsson, umsjónarmaður tæknimála

Bókasafn

Skrífað 14 maí 2011

Bókasafn Framhaldsskólans á Laugum

skólaárið 2007-2008

Safnið þjónar fyrst og fremst nemendum, kennurum og starfsmönnum skólans. Á haustönn voru skráðir 104 nemendur í skólann.

Safnkostur

Safnkostur í lok ársins var 7213 þar með talin rit í geymslu og á skrifstofu skólameistara. Aðföng voru 151, en afskrifaðar bækur voru 175. Jafnframt eru til 138 myndband og mynddiskar á safninu, 28 geislaplötur og 15 margmiðlunardiskar. Um 48 tímarit berast safninu reglulega, auk ýmissa fréttabréfa, þar af eru 30 í áskrift. Til kaupa á safnkosti var samtals varið kr. 456.268. Kostnaður vegna landsaðgangs að gagnasöfnum og bókasafnskerfisins, Gegnis, kr. 29 837. Annar kostnaður kr. 49 773.

Um miðjan september var tölvukostur safnsins endurnýjaður með 6 nettum Lenovo tölvum. Nú er loks svólítið vinnupláss við hliðina á tölvunum. Ein af eldri tölvunum var sett upp á gamla spjaldskrárskápin og er þar ávallt opin fyrir leit í Gegni.

Tvær vatnslitamyndir eftir Svein Þórarinsson, sem áður voru í Sigurðarstofu, voru hengdar upp á safninu í septembermánuði. (64-Svartárkot, nr?-Ásbyrgi).

Safnið eignaðist 4 góða hægingastóla í vetur. Tvenn heyrnartól voru keypt fyrir safnið.

Starfsemi

Skráð útlán á skólaárinu voru samtals 1223, sem er rúmlega 14% aukning frá fyrra ári, þar af voru skammtímalán 439. Nemendur unnu miklu meira á safninu en undanfarin ár, ýmist við heimildavinnu eða önnur verkefni. Þó nokkrir nemendur voru reglulega á safninu á vinnustofutíma.

Millisafnalán voru 71. Flest gögn voru fengin að láni frá Bókasafni Reykdæla, söfnum á Húsavík, Amtsbókasafninu á Akureyri, Landsbókasafni-Háskólabókasafni og fleiri söfnum.

Nemendur á almennri braut höfðu reglulega einn tíma í viku á bókasafni. Þau komu í þremur hópum, 3-4 í senn og unnu ýmis verkefni sem tengjast leit í Gegni, handbókaverkefni, ritunarverkefni, heimildaskráning, stutt heimildaverkefni o.fl.

Um 60 nemendur tóku próf/tímaverkefni undir umsjón bókavarda á vorönninni.

Nýnemar komu í bókasafnskynningu í íslenskutímum í þetta sinn og unnu jafnframt stutt verkefni í heimildaleit.

Áfram fengu kennarar ljósrit af efnisyfirlitum valinna tímarita í pósthólfín sín.

Orðabækur og fleiri uppláttarrit af safninu voru höfð í Dvergasteini á haustönn til afnota fyrir nemendur og kennara.

Um áramót voru þessi rit flutt yfir í Sal í Gamla skóla. Auk þess voru bækur teknar úr geymslu í íþróttahúsi og færðar í Salinn til þess að gera hann hlýlegri.

Fyrirverandi nemendur FL í námi á háskólastigi leita stundum til safnsins og er reynt að aðstoða þá eftir föngum.

Elín Kristjánsdóttir, bókasafnsfræðingur við bókasafn Framhaldsskólans á Húsavík, tók að sér að skrá nokkrar bækur fyrir safnið, sem ekki var þegar búið að skrá í Gegni.

Við innheimtu gagna hafa nemendum verið send SMS skilaboð sem þeir bregðast mjög misjafnlega við. En þó eru innheimtur með allra besta móti í vor.

Gréta Ásgeirsdóttir var í 50% starfi í vetur og Þóra Fríður Björnsdóttir í 30%

Fundir og námskeið

Bókaverðir sóttu haustþing framhaldsskóla á Norðurlandi sem haldið var í Fjölbrautarskólanum á Sauðárkróki föstudaginn 12. október 2007, námskeið á vegum Landskerfis bókasafna, Gegnir – Föruveinn, sem haldið var í Háskólanum á Akureyri 2. nóvember og fund í NOR50 stjórnunareiningunni sem haldinn var 21. apríl 2008 á Amtsbókasafninu á Akureyri.

Laugum 29. maí 2008
Gréta Ásgeirsdóttir

Námsráðgjöf

Skrifað 14 maí 2011

Skýrsla námsráðgjafa fyrir haustönn 2007 og vorönn 2008

Viðtöl

Viðtalstímum námsráðgjafa á haustönn 2007 og vorönn 2008 var skipt í þrennt: opna viðtalstíma, lokaða viðtalstíma og svo símatíma. Var þessu fyrirkomulagi komið á til þess að geta mætt sem flestum þörfum nemenda, foreldra/forráðarmönnum þeirra sem og starfslíði skólans.

Opnu viðtalstímarnir voru ætlaðir fyrir nemendur sérstaklega, sem vildu koma í viðtal eftir hentugleika, en einnig fyrir starfsfólk skólans, ef eitthvað á þeim lá. Opnir viðtalstímar voru á fimmtudögum frá 13:15 til 15:30 og föstudögum frá 9:25 til 11:45 á haustönn, en þriðjudaga frá 13:15 til 15:30 og fimmtudaga frá 13:15 til 15:30 á vorönn 2008.

Til að byrja með voru opnu tímarnir notaðir til að kalla inn alla nemendur skólan7s í 15 mínútna viðtal, til þess að leggja upp ánægjulegt samstarf námsráðgjafa og nemenda. Með því „brotnaði ísinn“ og nemendur ræddu um áhugamál sín, líðan í skólanum, framtíðaráætlanir, markmið námsins og fleira í þeim dúr á léttum nótum. Sumir nemendur bókðu föst viðtöl í kjölfar þessa kynningarviðtals, á meðan aðrir létu betur af sér og nýttu frekar opnu tímanna þegar svo bar undir.

Þessi stuttu kynningarviðtöl reyndust vel, þar sem margir nemendur tjáðu námsráðgjafa frá því hversu erfitt það er að panta fyrsta viðtalið, ef nemandi þarf að óska eftir einhvers konar aðstoð eða ráðgjöf. Þeim þótti þetta því betra, að allir færu í svona viðtal og svo myndu þeir sem á þurfa óska eftir frekari ráðgjöf eða aðstoð.

Lokuðu viðtalstímarnir voru notaðir fyrir föst viðtöl fyrir einstaka nemendur, sem ýmisst óskuðu eftir þeim sjálfir, eða voru álitnir þurfa þess að mati umsjónarkennara, kennara, skólameistara eða námsráðgjafa. Voru þeir á mánudögum og þriðjudögum frá 9:25 til 11:45 á haustönninni, en á mánudögum frá 8:30 til 11:45 og miðvikudögum frá 9:25 til 12:30 á vorönninni.

Langflestir sem sóttu þessa lokuðu tíma nýttu sér þá á eins vikna, eða tveggja vikna fresti í ákveðinn tíma. Eftir þann tíma var gert mat, í samvinnu námsráðgjafa og nemenda, um hvort fleiri viðtala væri þarft. Stundum var raunin sú, en sumir töldu 4 til 6 viðtöl nóg og kíktu þá í opna tíma eftir þörfum.

Símatímar voru fyrst og fremst ætlaðir foreldrum og forráðarmönnum nemenda og nýttust þeir aðallega í það. Þeir voru á fimmtudögum frá 11:05 til 12:30 og á föstudögum frá 11:50 til 12:30 og svo aftur frá 13:15 til 13:55 á haustönn, en á föstudögum frá 10:10 til 12:30 á vorönn.

Nemendur og foreldrar/forráðarmenn höfðu svo aðgang að námsráðgjafa ef áriðandi tilfelli komu upp, bæði í gegnum síma og með heimsóknum á skrifstofu.

Viðtöl námsráðgjafa á haustönn eru flokkuð á eftirfarandi máta:

	nemendaviðtöl[1]	ráðgjöf/aðstoð[2]	foreldrar[3]	kennarar/starfsf.[4]	Samtals
September	60	19	12	20	111
Október	28	19	6	9	62
Nóvember	12	23	11	12	60
Desember	0	13	4	4	21
Samtals	100	74	35	45	254

Tafla 1: Viðtala fjöldi haustmánuði 2007

Það er vert að taka fram að í október voru fyrri lotuskil annarinnar, sem og frí var í viku vegna námsferðar starfsmanna FL til Minneapolis, Minnesota. Er hægt að lesa ítarlega skýrslu um þá ferð á heimasíðu skólans, www.laugar.is. Önnur lotuskil annarinnar voru um miðjan desembermánuð.

Viðtöl námsráðgjafa á vorönn eru flokkuð á eftirfarandi máta:

	nemendaviðtöl[5]	ráðgjöf/aðstoð[6]	foreldrar[7]	kennarar/starfsf.[8]	Samtals
Janúar	23	27	17	11	78
Febrúar	10	30	7	5	52
Mars[9]	6	10	5	9	30
Apríl	8	21	5	4	38
Mái	6	6	2	3	17
Samtals	53	94	36	32	215

Tafla 2: Viðtala fjöldi vormánuði 2008

Stærstur hluti nemendaviðtala var persónuleg aðstoð og ráðgjöf. Þar er bæði um að ræða ráðgjöf hvað varðar persónuleg mál og svo einstaklingsráðgjöf varðandi námið. Má sem dæmi þar um nefna mikilvæga þjónustu Blindrabókasafns Íslands við þá sem eiga í erfiðleikum með lestur, en námsráðgjafi annast milligöngu lána á hljómdiskum og snældum. Þessa þjónustu nýta margir nemendur. Þá hafa nemendur þurft frekari lesgreiningar hjá sérfræðingum en námsráðgjafi sér um þau mál. Geta má þess að einn nemandi FL sótti 4 vikna Davis námskeið á Húsavík, á vegum Þekkingarseturs Þingeyinga. Var nemandi ánægður með þá aðstoð sem hann fékk þar, sem og þann sveigjanleika sem honum var veittur af starfsmönnum FL, til þess að geta sótt námskeiðið. Var það vel. Sá hópur nemenda, sem þarf stöðuga aðstoð af ýmsum toga allan veturinn, vex frá ári til árs. Bein og óbein afleiðing þar af er aukin samvinna námsráðgjafa við ýmiss konar sérfræðinga. Er þar um að ræða sálfræðinga, lækna og geðlækna svo einhverjir séu nefndir. Þá hafa aukist samskipti námsráðgjafa við félagsmálastofnanir og sérfræðinga þar innan dyra, s.s. félagsráðgjafa. Gæta verður þess að oft á tíðum verður námsráðgjafi að skipuleggja heimsóknir skjólstæðinga sinna frá á til ó eigi þær að takast, öðrum er oft á tíðum ekki til að dreifa í þeim efnum. Þá lagði námsráðgjafi áherslu á mikil og góð samskipti við foreldra og forráðamenn.

Umsjónarkerfi

Gott umsjónarkerfi er lykilatriði í stofnun eins og Framhaldsskólanum á Laugum, þar má vitna til margra ára reynslu. Skólameistari lagði fram í byrjun vetrar starfslýsingu fyrir umsjónarkennara þar sem tíunduð eru helstu verkefni þeirra. Eftir þeim ramma var unnið en einnig höfðu umsjónarkennarar handbók, sem kallast Hlynnna, sem er eftir Sverri Haraldsson, starfsmann FL (áður námsráðgjafi og kennari, er í námsleyfi).

Ef leitað er eftir ákveðnum lykilorðum úr fundargerðum umsjónarkennara má finna eftirfarandi; nemendaviðtöl, fjarvistir, heilsufar, svefnvenjur, samvinna umsjónarkennara, tölvunotkun, félagslíf, agi, mætingareglur o.s. frv. Af þessu má glögglega sjá að ýmislegt bar á góma og tími hvers fundar helst til of stuttur.

Kynningar á námi og skólum

Hvað varðar kynningar á námi að framhaldsskóla loknum þá hafa nemendur frá Háskólanum á Akureyri heimsótt skólann árlega með námskynningar. Að öðru leyti er fyrst og fremst um kynningarbæklinga og blöð að ræða, þeim er dreift til allra nemenda á þriðja og fjórða ári. Þá eru veggspjöld sett á áberandi staði. Auk þess hafa allir nemendur

aðgang að rekka með því kynningarefni sem skólanum berst. Kynningaraðilar annarra skóla, s.s. innlendra háskóla, hafa í auknum mæli samband við námsráðgjafa, bæði áður en þeir senda kynningarrit og bæklinga og eins til að opna fyrir frekari upplýsingagjöf leiti nemendur FL eftir því. Þá hefur færst í vöxt að nemendur leiti aðstoðar námsráðgjafa við leit að skólum og námi á netinu, á það m.a. við um erlenda skóla.

Fjöldi nemenda á 3. og 4. ári sóttu opinn dag háskólanna á Íslandi inná Akureyri á vorönn. Einnig sóttu nokkrir nemendur opinn dag í Listaháskóla Íslands í Reykjavík á vorönn.

Ráðstefnur og námskeið

Undirrituð fór á ráðstefnu um dyslexíu, sem haldin var í Fjölbrautarskóla Suðurlands, dagana 5. og 6. október 2007.

Einnig fór undirrituð á námskeið um kvíðastjórnun, undir umsjón Valdísar Pálsdóttur, sálfræðings, á Akureyri, miðvikudaginn 7. nóvember 2007. Um vorið sótti undirrituð fund í menntamála- ráðuneytinu, þann 18. janúar 2008 varðandi forvarnarstarf og heilbrigðisverkefni sem vinna á að á næstu þremur árum í öllum framhaldsskólum landsins. Handleiðsla var sótt til ráðgjafabjónustunnar Rein á Akureyri, til Valdísar Pálsdóttur, sálfræðings. Í heildina voru sóttir 7 tímar í handleiðslu.

Júlía B. Sigurðardóttir